



Slysatrygging sjómanna samkvæmt siglinga- og skaðabótalögum

Vátryggingarskilmálar nr. SS25

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SS25.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Greiðsla iðgjalds
6. Endurgreiðsla iðgjalds
7. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs Fyrning
- 8.

B. Vinnuslysatrygging

9. Bótasvið
10. Ákvörðun bóta

C. Frítímaslysatrygging (valkvætt)

11. Bótasvið
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Ákvörðun bóta
14. Framsal

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Vátryggður

Vátryggingin gildir fyrir sjómenn í starfi hjá vátryggingartaka.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á hvar sem er í heiminum.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Greiðsla iðgjalds

- 5.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 5.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. og 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

6. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggingartaki hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

7. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs

- 7.1 Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá vátryggingartaka.
- 7.2 Vátryggingin fellur niður gagnvart sjómanni þegar hann lætur af störfum hjá vátryggingartaka.

8. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan



fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

10.7 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar þess sem váttryggður er að fengnu samþykki hans.

B. Vinnuslysatrygging

C. Frítímaslysatrygging

9. Bótasvið

Félagið greiðir:

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

9.1 Bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í starfi hjá váttryggingartaka um borð í skipi því sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins, ef það leiðir til líkamstjóns.

11. Bótasvið

Félagið greiðir:

9.2 Kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slyss sem verður:

11.1 Bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frítíma, ef það leiðir til:

11.1.1 Andláts.

11.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

11.1.3 Tímabundins missis starfsorku.

9.3 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

11.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slyss:

10. Ákvörðun bóta

10.1 Bætur úr váttryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

11.3 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.

10.2 Bætur úr váttryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð. Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bótum samkvæmt váttryggingu þessari.

11.4 Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, sviffugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.

11.5 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

10.3 Eigi váttryggður rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skerðast bætur úr váttryggingu þessari sem því nemur.

11.6 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

10.4 Bætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.

11.7 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurð-aðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viður-kenndri heilbrigðisstofnun.

10.5 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

11.8 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.

11.9 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.

10.6 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða þann sem váttryggður er.

11.10 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

11.11 Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lömunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjarta-áfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.



11.12 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framan-greindra atriða.

11.13 Sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

12. Vátryggingarfjárhæð

12.1 Um hámarksbótafjárhæðir fer samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

12.2 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi.

13. Ákvörðun bóta

13.1 Dánarbætur

13.1.1 Látist vátryggður vegna afleiðinga slyss innan þriggja ára frá slysdegi greiðast dánarbætur að frádrögnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt honum vegna sama slyss.

13.1.2 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

13.1.3 Um rétt til dánarbóta fer samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

13.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

13.2.1 Valdi slys vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.

13.2.2 Örorkuna skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við

vátryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirráðgjafi í kjarasamningi.

13.2.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.

13.2.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

13.2.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

13.2.6 Ef vátryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.

13.2.7 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

13.2.8 Bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku fara eftir ákvæðum 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

13.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku

13.3.1 Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

13.3.2 Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn.

13.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

13.4 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða þann sem vátryggður er.

13.5 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar þess sem vátryggður er að fengnu samþykki hans.

14. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.